

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 2015/830 - REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: Corical

Vörunúmer: -

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Kalkmálning.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:	Sérefni ehf.	Framleiðandi:	Cori s.r.l.
	Síðumúla 22		Via Arso 146
	108 Reykjavík		36072 Chiampo (VI) Ítalía
Sími:	517 0404		00-39-444-688488
Netfang:	serefni@serefni.is		info@coripaint.it
Veffang:	www.serefni.is		www.coripaint.it

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð: VARÚÐ

Hættusetningar	H315	Veldur húðertingu
	H318	Veldur alvarlegum augnskaða
	H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum

Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P261	Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
	P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
	P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífir/andlitshlífir.
	P302+P352	BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
	P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
	P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
	P310	Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.
	P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið lækni.
	P362	Farið úr fötum sem óhreinkast af efninu.
	P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku

2.3 Aðrar hættur:
Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Kalsíumhýdroxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	25 - 50
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	215-137-3	H-setningar	-
CAS	1305-62-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðæf.1 - H314, Augnskað.1- H318, SEM-VES 3 - H335			

Etýlenglýkól			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119456816-28	Innihald %	< 0,5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	203-473-3	H-setningar	-
CAS	107-21-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 - H302, SEM-EV 2 - H373			

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Veitið öndunaraðstoð ef þörf krefur.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Snerting við augu	Skolið varlega með volgu vatni í amk 15 mínútur og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skulun. Leitið lækni, sýnið öryggisblaðið.
Inntaka	Hreinsið munn vandlega með vatni. Drekkið mikið vatn. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Leitið lækni. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun	Veldur ertingu í öndunarvegi.
Snerting við húð	Veldur ertingu, og/eða næmingu.
Snerting við augu	Veldur ertingu.
Inntaka	Veldur ætingu í meltingarvegi.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	-

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim. Mengað slökkvivatn getur verið ætandi.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Forðist beint sólarljós.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Kalsíumkarbónat		3			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið hlífðarhanska. Mælt er með notkun verndarkrems á hendur.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófataðar.

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð FFP2.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi		
Lykt:	Einkennandi		
Litur:	Hvítur eða skv.vörulýsingu		
pH:	12-13		
Þvottheldni:	2,44	umf.	(UNI 10560)
Þvottheldni:	11,4	µm	(16 klst við 40°C - 200 umf) (ISO 11998)
Flokkun:	Flokkur 2		(EN 13300)
Viðloðun aðskotaefna:	Mikil		(UNI 10792)
Gegndræpi vatnsgufu:	413	g/m2	(MV AT 036)
Gegndræpisflokkun:	V1 Hátt		(UNI EN 1062-1)
Gegndræpi vatns	1,8	kg/m2/klst ^(0.5)	(MV AT 083)
Eðlismassi við 20°C:	1,31-1,35	g/cm ³	
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt		
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim		
Seigja:	1100	mPaxs (Brookfield)	

9.2 Aðrar upplýsingar:

Þurrefnisinnihald:	49-51%
--------------------	--------

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Getur hvarfast við önnur efni í venjulegri notkun.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin sérstök, sé eðlileg varkárni viðhöfð.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Innöndun	Veldur ertingu í öndunarvegi.
Snerting við húð	Veldur ertingu, og/eða næmingu.
Snerting við augu	Veldur ertingu.
Inntaka	Veldur ætingu í meltingarvegi.

Etýlenglýkól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eituhrif, inntaka	LD ₅₀	>4000	mg/kg	rotta	

Pólýkarbósílikat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eituhrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	

Kalsíumkarbónat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eituhrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eituhrif:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.5 PBT/VPvB: Á ekki við.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 2015/830 (REACH), 1272/2008 (CLP). Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Á ekki við.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H373	Getur skaðað líffæri við langvinneða endurtekin váhrif

Útgáfa/Dags: 1/10.04.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkefnafræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **CORI SRL**
SAFETY DATA SHEET
CORICAL

Útgáfa: 06.10.2014 Endurskoðun 2